



**HAFNARFJÖRÐUR**

**FJÁRHAGSÁÆTLUN  
2013-2016**

**Greinargerð**



**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar**  
**31. október 2012**  
*Fyrri umræða*

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	3
1. Megináherslur og samandregnar niðurstöður	5
2. Forsendur áætlunar 2013-2016	5
Skipting skatttekna:	6
3. Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	9
3.1 A og B hluti	9
3.2 A hluti	10
3.3 Aðalsjóður	10
3.4 Félagsþjónusta	12
3.5 Heilbrigðismál	12
3.6 Fræðslu- og uppeldismál	13
3.7 Menningarmál	15
3.8 Æskulýðs- og íþróttamál	16
3.9 Brunamál og almannavarnir	16
3.10 Hreinlætismál	17
3.11 Skipulags- og byggingarmál	17
3.12 Umferðar- og samgöngumál	18
3.13 Umhverfismál	18
3.14 Atvinnu- og ferðamál	18
3.15 Sameiginlegur kostnaður	19
3.16 Eignasjóður	20
3.17 GN eignir	20
3.18 Vatnsveita	21
3.19 Fráveita	21
3.20 Húsnæðisskrifstofa	22
3.21 Hafnarfjarðarhöfn	22

## Inngangur

Tillaga að fjárhagsáætlun 2013 – 2016 er hér lögð fram til fyrri umræðu í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Tillagan er í tveimur hlutum: Greinargerð og tölulegur hluti sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinnna A og B hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins.

Greinargerðinni er ætlað að veita upplýsingar um helstu forsendur í áætluninni. Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi reynist á milli texta í greinargerð og tölulega hlutanum.

Áætlunin er unnin í samræmi við nýjar fjármálareglur og fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga sem settar voru á grundvelli nýrra sveitarstjórnarlaga. Fjárhagsáætlunin er því lögð fram fyrir en áður þar sem ný sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir að hún sé lögð fram eigi síðar en 1. nóvember til fyrri umræðu og sé samþykkt fyrir 15. desember. Fjármálastjóri bæjarins hefur leitt vinnu við fjárhagsáætlun auk sviðsstjóra, rekstrarstjóra og annarra starfsmanna bæjarins. Þverfaglegt fjármálateymi hefur jafnframt verið helsti vettvangur fjárhagslegra samhæfingar á milli sviða.

Á þessum tímamarki liggja ekki fyrir upplýsingar um atriði sem hafa veruleg áhrif á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Má þar helst nefna áætlun um framlög Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2013 auk þess sem ekki er vitað hvernig breytingum á lögum um greiðslur bóta atvinnuleysistrygginga verður háttað, en viðræður standa yfir á milli aðila. Ný þjóðhagsspá verður birt 2. nóvember og er eðlilegt að taka tillit til hennar í fjárhagsáætlun komandi ára.

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins er sem fyrir á föstu verðlagi en á milli umræðna verður unnin 10 ára aðlögunaráætlun þar sem sveitarfélagið sýnir hvernig það mun uppfylla fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga um skuldahlutfall. Í þeirri áætlun verður tekið tillit til verðlagsbreytinga í samræmi við þjóðhagsspá. Jafnframt verður unnið að framkvæmda- og fjárfestingaáætlun til næstu ára.

Á milli umræðna verða allar gjaldskrár sveitarfélagsins skoðaðar. Rýnt í uppbygginu þeirra auk þess sem tekjuviðmið vegna viðbótarniðurgreiðslna verða endurmetin.

Útsvarsprósenta verður óbreytt 14,48%.

Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði lækki um 6,25%, lóðaleiga íbúðarhúsnæðis lækki um 4,76% og vatnsgjaldið lækki um 6,25%. Holræsisgjaldið hækkar hins vegar um 5,41%.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á fjölmörgum jákvæðum verkefnum sem áhrif hafa á rekstur sveitarfélagsins í þeirri fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram:

Þar má helst nefna uppfærslu á matsstigi fasteigna sem eru í byggingu. Breytt fyrirkomulag á innanbæjarakstri Strætó bs. NORA, skráningar- og greiðslukerfi hjá íþrótt- og tómstundafélögum. Tvær öflugar skógardeildir leikskóla hafa tekið til starfa, önnur sem útibú frá Víðivöllum í Kaldárseli og hin sem útibú frá Hlíðarenda við Hvaleyrarvatn auk leikskóladeildar fyrir 5 ára börn við Hvaleyrarskóla. Fyrsta heila rekstrarár frístundaheimilanna undir forystu fjölskylduþjónustunnar hefur gengið vel.

Hafið er útboðsferli á tveggja tunnu kerfi fyrir sorp. Eignaskráning lausamuna er langt komin. Endurskoðun á deiliskipulagi Valla 7 og hesthúsalóða er að ljúka auk þess sem í undirbúningi er markaðssetning atvinnulóða bæjarins.

Enn frekari skref voru stigin í rafrænni stjórnsýslu með birtingu gagna í fundargerðum sveitarfélagsins og þá hefur Hafnarfjarðarbær lagt metnað sinn í að stuðla að valdeflingu íbúa með stofnun notendaráðs vegna þjónustu við fatlað fólk.

Starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar og fulltrúum í nefndum og ráðum þakka ég fyrir alla þá vinnu sem lögð hefur verið í áætlunina. Starfsfólk bæjarins á miklar þakkar skildar fyrir óeigingjarna vinnu við að leita leiða til að draga úr rekstrarkostnaði án þess að draga úr gæðum þjónustunnar.

Frá efnahagshruni haustið 2008 hefur verið unnið að endurskipulagningu á fjármálum Hafnarfjarðarbæjar. Sú endurskipulagning hefur snúist um viðbrögð við beinum afleiðingum hrunsins og að tryggja grunn að traustum fjárhag til framtíðar. Þessi áætlun sýnir með skýrum hætti hve miklum árangri aðgerðir fyrri ára hafa skilað. Við erum á réttri leið. Í fjárhagsáætluninni eru skýr skilaboð um traustan rekstur og ábyrga fjármálastjórn sem skilar okkur hagkvæmari rekstri, frábærri þjónustu, ánægðum íbúum og jákvæðri ímynd.

Hafnarfirði, 31.október 2012



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir  
Bæjarstjóri

## 1. Megináherslur og samandregnar niðurstöður

Grunntónninn í þessari áætlun er áframhaldandi aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir. Megináherslan í fjármálum Hafnarfjarðarbæjar er og verður hærri framlegð og lækkun skulda eins hratt og kostur er.

Helstu áherslur í fjárhagsáætlun 2013 eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta fyrir árið 2013 er jákvæð um 485 millj.kr. og rekstrarniðurstaða A hluta 180 millj.kr. Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 47 milljarðar kr. í árslok 2013 og skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 38 milljarðar kr. og eigið fé um 9 milljarðar kr.
- Áætlað veltufé frá rekstri A hluta er um 1,5 milljarður kr. og samantekið fyrir A og B hluta 2,3 milljarðar kr. sem er rúmlega 13% af heildartekjum
- Á árinu 2013 er ráðgert að greiða niður lán og skuldbindingar að fjárhæð 1,9 milljarða kr.
- Skuldir sem hlutfall af tekjum lækki í takt við nýjar fjármálareglur
- Jafnvægi sé í rekstri á þriggja ára tímabili í takt við nýjar fjármálareglur
- Álagningarhlutföll fasteignaskatts og lóðarleigu íbúðarhúsnæðis lækki
- Áfram verður unnið að markvissri uppfærslu á matsstigi fasteigna í byggingu

## 2. Forsendur áætlunar 2013-2016

### Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2013 - 2016 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A hluta og samantekinn reikning fyrir A og B hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og GN eignum ehf. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem fjármögnuð er með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru; Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn.

### Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar, fasteignaskatt og lóðarleigu.

### Útsvar

Útsvarshlutfall á árinu 2013 verður 14,48%. Áætlað er að brúttó útsvarstekjur nemi um 11,6 milljörðum kr. en af þeirri fjárhæð munu 1,4 milljarðar kr. ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða um 1,72% þannig að nettó útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar um 10,2 milljarðar kr.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2012 en einnig er tekið tillit til almennra forsenda á vinnumarkaði s.s. launabreytinga, atvinnuleysi og atvinnuþátttöku. Á grundvelli þessa upplýsinga og upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu um breytinga á útsvarsstofni er gert ráð fyrir 4,5% hækkun á útsvarstekjum á milli ára.

### Framlög úr Jöfnunarsjóði

Hafnarfjarðarbær fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, tónlistarkennslu, nýbúafræðslu og sérþarfa fatlaðs fólks. Framlögin í áætlun taka mið af framlögum ársins 2012 þar sem ekki liggja fyrir áætlunartölur frá Jöfnunarsjóði en reikna má með þeim um miðjan nóvember.

### Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda á árinu 2013 miðast við fasteignamat eigna sem birt var í sumarbyrjun 2012 en bæði endurmat ársins og matsbreytingar leiða til þess að matsstofn Hafnarfjarðarbæjar breytist á milli ára samanber eftirfarandi töflu. Að meðaltali var endurmatshækkun í Hafnarfirði um 9% á milli ára.


Fasteignamat	Fasteignamat 2013	Fasteignamat 2012	%	Fasteignamat 2011
Íbúðareignir	273.050.138	240.808.150	13,39%	221.757.555
Atvinnueignir	72.265.875	67.837.467	6,53%	67.724.336
Stofnanir og samkomustaðir	20.087.575	18.367.032	9,36%	17.494.995
<b>Samtals</b>	<b>365.403.588</b>	<b>327.012.649</b>		<b>306.976.886</b>

Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði lækkar úr 0,32% í 0,30% eða um 6,25%, álagningarhlutfall lóðarleigu lækkar úr 0,42% í 0,40% eða um 4,76%, vatnsgjaldið lækkar úr 0,112% í 0,105% eða um 6,25%. Holræsagjaldið hækkar úr 0,185% í 0,195% eða um 5,41% en það er gert til að vega upp á móti uppsöfnuðu tapi fráveittunnar en eigið fé hennar er neikvætt um tæpan milljarð. Gjald fyrir sorphirðu verður endurskoðað á milli umræðna í ljósi útboðs á breyttri sorpflokkun og -hirðu.

Breytingin á álagningarhlutföllum er þessi:

	Álagning 2013	Álagning 2012
Fasteignaskattur íbúðarhúsnæði	0,30%	0,32%
Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði	1,65%	1,65%
Lóðarleiga íbúðarhúsnæði	0,40%	0,42%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæði	1,30%	1,30%
Holræsagjald	0,195%	0,185%
Vatnsgjald	0,105%	0,112%

Skipting skatttekna:



### **Aðrar tekjur**

Hafin er vinna við heildar endurskoðun á gjaldskrám sveitarfélagsins sem koma til afgreiðslu bæjarstjórnar við síðari umræðu fjárhagsáætlunar í desember. Þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir breytingum á gjaldskrám við framlagningu fjárhagsáætlunar í fyrri umræðu.

### **Laun og launatengd gjöld**

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum en samningar eru lausir á árinu 2014. Einnig er tekið tillit til magnaukninga í mannahaldi er tengist fjölda nemanda í leik- og grunnskóla. Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í samvinnu við fjármálaskrifstofu og launadeild. Lögð verður áhersla á virkt eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði, veikindum og fjölda stöðugilda en með réttum verkfærum verðu sú vinna markvissari. Ekki er gert ráð fyrir frekari hagræðingaraðgerðum sem kalla á uppsagnir starfsmanna en áfram verða skoðaðir möguleikar á að lækka launakostnað með skipulagsbreytingum.

Breyting á lífeyrisskuldbindingum er áætluð um 350 millj.kr. á árinu 2013. Á árinu 2012 samþykkti Bæjarstjórn Hafnarfjarðar að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindinguna og á árinu 2013 er gert ráð fyrir að sú greiðsla nemi um 200 millj.kr.

### **Annar kostnaður**

Almennur rekstrarkostnaður hækkar lítillega í öllum málaflokkum og stofnunum bæjarins í takt við verðlagsbreytingar. Hafnarfjarðarbær hefur náð góðum árangri í rekstri en áfram verður leitað leiða til að lækka kostnað með útboðum, hertum innkaupareglum og sameiginlegum innkaupum. Verðlagsbundnir samningar, svo sem leigusamningar og þjónustusamningar, hafa verið uppreiknaðir miðað við verðlagsforsendur. Fjárframlög til viðhalds fasteigna, götumannvirkja, tækja og áhalda hafa verið í lágmarki en í áætluninni eru þessir liðir hækkaðir verulega.

### **Fjármagnsliðir**

Fjármunatekjur eru áætlaðar í samræmi við rauntölur ársins 2012 og tekið tillit til 20% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð miðað við verðbólguforsendur áætlunar sem er 3,9% innan ársins. Lánasafnið er vaxtareiknað miðað við vaxtakjör lánasamninga og er því áfram gert ráð fyrir lágum vöxtum á evrulánin. Eins og undanfarin ár er ekki gert ráð fyrir gengismun í áætluninni. Þjóðhagsspá frá því í sumar reiknar með að gengi krónunnar haldist tiltölulega stöðugt á árinu 2012 en veikist um 0,6% á árinu 2013. Reiknað er með að gengi krónunnar styrkist lítillega eftir það. Ýmsar blikur eru á lofti varðandi gjaldeyrishöftin og stöðu krónunnar og því erfitt að segja til um hvernig þau mál þróast á komandi árum.

### **Fyrirvarar og óvissuþættir**

- Eins og fram hefur komið liggja ekki fyrir upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um áætluð framlög ársins 2013. Þar af leiðandi verður að styðjast við raungreiðslur 2012. Samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum mun áætlun liggja fyrir um miðjan nóvember og verður áætlunin uppfærð með tilliti til þess á milli umræðna.
- Samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi er tímabundinni heimild til að greiða atvinnulausum bætur í fjögur ár felld niður. Viðræður milli ríkis og sveitarfélaga standa yfir um fjármögnun verkefnisins.
- Við yfirtöku á málefnum fatlaðs fólks greiðir Hafnarfjarðarbær leigu af sex eignum til Brynju hússjóðs og er sú leiga áætluð í rekstri ársins. Hafnarfjarðarbær er ekki aðili að nógildandi leigusamningum og þar af leiðandi eru þeir ekki færðir sem hluti af skuldbindingum sveitarfélagsins.
- Unnið er að greiningu á notkun stofnana og félaga á íþróttamannvirkjum og hlutdeild þeirra í rekstrarkostnaði viðkomandi mannvirkja. Áhrif af slíkri breytingu er engin á heildarniðurstöðu rekstrar þar sem um er ræða millifærslur á milli deilda.

### Þriggja ára áætlun 2014 – 2016

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins er sem fyrr á föstu verðlagi. Útsvarstekjur ráðast af fjölda starfandi íbúa, launaþróun, atvinnuþátttöku og atvinnustigi en hér er gert ráð fyrir hækkun tekna um 2% á ári. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatta og lóðarleigu hækka um 3% á ári vegna magnbreytinga. Fjármagnsliðir og afborganir lána eru áætluð í samræmi við lánasamninga en á árinu 2015 er gert ráð fyrir lántöku til að endurfjármagna erlenda lánið.

Verðlags- og gengisbreytingar eru helstu áhættuþættirnir í rekstri Hafnarfjarðarbæjar. Í töflunum hér fyrir neðan er næmnigreining sem sýnir hvaða breyting á verðlagi og gengi hafa á rekstur, sjóðsflæði og höfuðstól lánanna.

Verðlagsbreytingar	Áhrif á rekstur	Áhrif á höfuðstól láns	Áhrif á greiðsluflæði
1%	173.403	166.294	15.737
2%	346.806	332.587	31.474
3%	520.209	498.881	47.210
4%	693.612	665.174	62.947
5%	867.015	831.468	78.684
Gengisbreytingar	Áhrif á rekstur	Áhrif á höfuðstól láns	Áhrif á greiðsluflæði
1%	124.740	120.717	12.321
2%	249.479	241.433	24.643
3%	374.219	362.150	36.964
4%	498.958	482.867	49.286
5%	623.698	603.583	61.607
Vaxtabreytingar	Áhrif á rekstur	Áhrif á höfuðstól láns	Áhrif á greiðsluflæði
0,1%	10.632	0	10.632
0,2%	21.263	0	21.263
0,3%	31.895	0	31.895
0,4%	42.527	0	42.527
0,5%	53.158	0	53.158



### 3. Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

#### 3.1 A og B hluti

Áætlað er að heildartekjur fyrir A og B hluta verði á árinu 2013 um 17 milljarðar kr. og rekstrargjöld 15 milljarðar kr. jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 2,3 milljarðar kr. en fjármagnsliðir eru áætlaðir 1,7 milljarður kr., þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2013 verður jákvæð um 484 millj.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 46,7 milljarðar kr. í árslok 2013. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 37,5 milljarðar kr. og eigið fé 9,2 milljarðar kr.

Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu fyrirtækja til að standa við skuldbindingar sínar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir.

Á árinu 2013 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði tæpir 2,3 milljarðar kr. sem er ríflega 13% af heildartekjum.

A og B hluti	Fjárhæðir í m.kr.			
	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011	Ársreikningur 2010
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Tekjur	17.217	15.971	15.612	13.623
Gjöld	(15.039)	(13.797)	(13.839)	(13.014)
Fjármagnsliðir	(1.694)	(2.017)	(2.789)	(144)
Rekstrarniðurstaða	484	157	(1.016)	466
<b>Efnahagsreikningur</b>				
Eignir	46.657	44.796	46.985	46.810
Eigið fé	9.210	7.471	7.964	8.980
Skuldir	37.447	37.326	39.021	37.830
<b>Sjóðstreymi</b>				
Veltufé frá rekstri	2.302	1.935	1.895	901

### 3.2 A hluti

Í áætlun 2013 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A hlutans sé jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um 1,4 milljarða kr.

Áætlaðar rekstrartekjur A hluta eru tæpir 15,7 milljarðar kr. og rekstrargjöld tæplega 14,3 milljarðar kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 1,2 milljarðar kr.

Heildareignir A hluta í árslok 2013 eru áætlaðar um 35,4 milljarðar kr., skuldir rúmlega 30,2 milljarðar kr. og eigið fé um 5,25 milljarðar kr.

Áætlað veltufé frá rekstri er um 1,5 milljarðar kr. eða um 10% af veltu

A hluti				
	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011	Ársreikningur 2010
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Tekjur	15.682	14.592	14.350	12.364
Gjöld	(14.296)	( 13.094 )	(13.140)	(12.306)
Fjármagnsliðir	(1.206)	( 1.456 )	(2.033)	156
Rekstrarniðurstaða	180	42	(824)	214
<b>Efnahagsreikningur</b>				
Eignir	35.443	34.342	36.013	35.895
Eigið fé	5.231	4.519	5.051	5.875
Skuldir	30.212	29.824	30.962	30.020
<b>Sjóðstreymi</b>				
Veltufé frá rekstri	1.545	1.392	1.342	321


### 3.3 Aðalsjóður

Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er í meginatriðum fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Eins og fram kemur er gert ráð fyrir rekstrarafgangi sem nemur 213 millj.kr.

Aðalsjóður				Fjárhæðir í m.kr.
	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011	Ársreikningur 2010
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Tekjur	16.350	15.006	14.350	13.294
Gjöld:	(16.205)	( 14.562)	(14.460)	(13.119 )
Fjármagnsliðir	68	78	705	( 402 )
Rekstrarniðurstaða	213	521	(824)	( 226 )

Helstu breytingar í rekstri aðalsjóðs má sjá í eftirfarandi töflu en þar koma fram helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára frá fjárhagsáætlun 2012.

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs					Fjárhæðir í m.kr.
	Áætlun 2013	Hlutfall af skatttekjum	Áætlun 2012	Mismunur	Ársreikningur 2011
Skatttekjur	14.265		13.231	1.034	12.843
Félagsþjónusta	(2.229)	15,63%	( 1.960)	(269)	(1.921)
Heilbrigðismál	(64)	0,45%	( 64)	0	(61)
Fræðslu- og uppeldismál	(7.837)	54,94%	(7.271)	(566)	(7.159)
Menningarmál	(310)	2,17%	(289)	(21)	(299)
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.435)	10,06%	(1.453)	18	(1.358)
Brunamál og almannavarnir	(162)	1,14%	(153)	(9)	(149)
Hreinlætismál	(60)	0,42%	(13)	(47)	(30)
Skipulags- og byggingarmál	(92)	0,64%	(93)	1	(122)
Umferðar- og samgöngumál	(746)	5,23%	(443)	(303)	(416)
Umhverfismál	(73)	0,51%	(31)	(42)	(34)
Atvinnumál	(73)	0,51%	( 23)		(26)
Sameiginlegur kostnaður	(1.022)	7,16%	(986)	(50)	(1.117)
Fjármagnsliðir	60		70	(10)	705



### 3.4 Félagsþjónusta

Fjárheimildir til fjölskylduþjónustunnar hækka um 12% á milli ára eða um 238 millj. kr. Þar vegur þyngst hækkun launakostnaðar og hækkun á þjónustusamningum samtals 150 millj.kr. Kostnaður vegna úrræða í barnaverndarmálum hækkar um 44 millj.kr. eða 27%. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins vegna styttingar atvinnuleysisbótatímabilsins þar sem ekki liggur fyrir hve mikill kostnaður lendir á sveitarfélaginu og er því einungis gert ráð fyrir að fjárhagsaðstoð hækki sem nemur verðlagshækkun á milli ára.

Félagsmál	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
þjónustugjöld	312	303	295
Samtals tekjur	312	303	295
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1.037	992	994
Annar rekstrarkostnaður	1.504	1.291	1.222
Samtals gjöld	2.541	2.283	2.216
Rekstrarniðurstaða	(2.229)	(1.980)	(1.921)

Félagsmál	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Sameiginlegir liðir	12,80	14
þjónusta við börn og unglunga	9,5	10
þjónusta við aldraða	29,43	53
þjónusta við fatlað fólk	105,75	162
	157,48	239

### 3.5 Heilbrigðismál

Fjárheimildir til heilbrigðismála hækka vegna breytinga á innri leigu á Sólvangi. Ekki hefur náðst að ljúka fjármálalegu uppgjöri við ríkið varðandi Sólvang.

### 3.6 Fræðslu- og uppeldismál

Fjárheimildir fræðsluþjónustunnar hækka um 463 millj.kr. á milli ára eða um 6,2%. Þar vegur þyngst launakostnaður vegna kjarasamninga en ekki er gert ráð fyrir frekari hagræðingu á fræðsluþjónustu á árinu 2013. Í áætluninni er tekið tillit til aukins fjölda barna á leikskólaaldri og gert ráð fyrir tveimur nýjum leikskóladeildum frá og með næsta hausti en áætlaður kostnaður vegna þeirra nemur 42,8 millj.kr. Þá er reiknað með fjárframlagi sem nemur 25 millj.kr. vegna fjölgunar bekkjardeilda um fjórar í grunnskólum frá og með næsta skólaári.

Fræðslusvið	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	862	793	698
Samtals tekjur	862	793	698
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	5.213	4.882	4.829
Annar rekstrarkostnaður	3.485	3.286	3.027
Samtals gjöld	8.699	8.168	7.857
Rekstrarniðurstaða	(7.837)	(7.374)	(7.159)

2013 -Leikskólar	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi nemenda	Fjöldi dvalarstunda
Arnarberg	24,06	27	92	735
Álfaberg	26,23	28	94	780
Norðurberg	31,08	35	114	940
Víðivellir	48,47	53	156	1.257
Hlíðarendi	26,70	30	108	873
Hlíðarberg	26,62	33	103	855
Vesturkot	23,08	27	84	677
Brekkuhvammur	25,64	30	95	762
Hvammur	31,65	37	125	1046
Stekkjars	45,22	47	182	1499
Hraunvallaleikskóli	43,51	44	151	1232
Hörðuvellir	21,19	24	85	689
Tjarnarás	23,16	28	93	745
Álfasteinn	22,89	24	85	694
Hjalli**			176	
Bjarmi**			24	
Hamravellir**			125	
Börn í leikskólum utan Hafnarfjarðar			18	

\*\*Leikskólar með þjónustusamning

Grunnskólar	Fjöldi stöðugilda annarra en kennara	Kennslustundir á viku	Fjöldi nemenda
Hvaleyrarskóli	5,2	949	457
Öldutúnsskóli	6,13	1.179	513
Víðistaðaskóli	7,47	1.406	666
Setbergsskóli	5,05	891	406
Hraunvallaskóli	7,05	1.511	723
Áslandsskóli	5,97	1.099	530
Lækjarskóli	4,85	1.364	457
Barnaskóli Hjallastefnunnar****		-	95

Önnur fræðslustarfsemi / stoðþjónusta	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Skólaskrifstofa	7,85	9
Sérfræðiþjónusta	11,9	13
Menntasetrið	3,27	4
Tónlistarskóli	29,44	49
Tónkvísl	6,35	8

### 3.7 Menningarmál

Fjárframlög til menningarmála er 310 millj.kr. og hækka um 21 millj.kr. á milli ára. Helstu breytingar eru að framlag til bókasafnsins hækkar um 8% eða í 122,7 millj.kr. og framlag til byggðasafnsins hækkar um 5% eða í tæpar 53 millj.kr.

Menningarmál	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	21	24	27
Samtals tekjur	21	24	27
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	141	133	132
Annar rekstrarkostnaður	190	184	194
Samtals gjöld	331	317	326
Rekstrarniðurstaða	(310)	( 293 )	(299)

Menningarmál	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Skrifstofa menningar- og ferðamála	1,0	1
Bæjarbókasafn	14,0	23
Byggðasafn	4,45	7
Skrifstofa Hafnarborgar	4,3	6
	23,75	37,0

### 3.8 Æskulýðs- og íþróttamál

Æskulýðs- og íþróttamál hækka um 3% á milli ára eða um 37 millj. kr. Hér er eingöngu um almennar launahækkanir að ræða og verðlagshækkanir á samningum til íþróttafélaganna. Tekið hefur verið í notkun breytt fyrirkomulag við niðurgreiðslu íþrótt- og tómstundagjalda, svo kallað NORA kerfi. Verður það til hagsbóta bæði fyrir Hafnarfjarðarbæ og íþrótt- og tómstundafélög bæjarins en greitt verður mánaðarlega til félaganna.

Æskulýðs og íþróttamál	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	586	580	388
Samtals tekjur	586	580	388
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	671	657	577
Annar rekstrarkostnaður	1.351	1.264	1.169
Samtals gjöld	2.022	1.921	1.746
Rekstrarniðurstaða	(1.436)	(1.341)	(1.358)

Æskulýðs- og íþróttamál	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Skrifstofa æskulýðsmála	4,0	4
Skrifstofa íþróttafulltrúa	1,8	2
Gamla bókasafnið	6,0	9
Félagsmiðstöðvar og heildagsskóli	55,3	114
Íþróttahús	8,2	9
Sundlaugar	37,9	49
	113,2	187

### 3.9 Brunamál og almannavarnir

Á málaflökkinn er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., innri leiga á húsnæði sem Björgunar- sveit Hafnarfjarðar hefur til afnota og þjónustusamningur við sama félag.

Brunamál og almannavarnir	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	162	153	149
Samtals gjöld		153	149
Rekstrarniðurstaða	(162)	(153)	(149)



### 3.10 Hreinlætismál

Fjárheimildir til hreinlætismála hækka um 47 millj.kr. á milli ára. Auglýst hefur verið útboð á nýju fyrirkomulagi á sorphirðu í Hafnarfirði þar sem gert er ráð fyrir tveggja tunnu kerfi. Allt sorp verður flutt til Sorpu til frekari flokkunar. Breytt fyrirkomulag á sorpmálum er í samræmi við markmið sveitarfélagsins sem sett eru fram í Staðardagskrá 21.

Hreinlætismál	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	204	200	180
Samtals tekjur	204	200	180
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	264	213	210
Samtals gjöld	264	213	210
Rekstrarniðurstaða	(60)	(13)	(30)

### 3.11 Skipulags- og byggingarmál

Framlag til skipulags- og byggingarmála lækkar um tæpar 2 millj.kr. á milli ára vegna aukinna tekna.

Skipulags- og byggingarmál	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	34	28	134
Samtals tekjur	34	28	134
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	89	85	89
Annar rekstrarkostnaður	37	36	167
Samtals gjöld	126	121	256
Rekstrarniðurstaða	(92)	(93)	(122)

Skipulags- og byggingarmál	Stöðugildi	Starfsmenn
Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	10,9	11

### 3.12 Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála hækkar um 19 millj.kr. en þar munar mestu um hækkun á innri leigu gatna vegna aukins fjármagns í viðhald gatnamannvirkja. Hækkun á framlagi til Strætó bs. á milli ára er um 17 millj.kr.

Umferðar- og samgöngumál	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	7
Samtals tekjur	0	0	7
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	746	443	423
Samtals gjöld	746	443	423
Rekstrarniðurstaða	(746)	(443)	(416)

### 3.13 Umhverfismál

Framlag til umhverfismála hækkar um 47 millj.kr. á milli ára vegna kostnaðar við garðyrkjuflokk.

Umhverfismál	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		0	0
Annar rekstrarkostnaður	78	31	34
Samtals gjöld	78	31	34
Rekstrarniðurstaða	(78)	(31)	(34)

### 3.14 Atvinnu- og ferðamál

Gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi til atvinnumála árið 2013. Atvinnuátaksverkefni Vinnandi vegur, Atvinnutorg og sumarátak vegna vinnu nema verða væntanlega starfrækt áfram. Framlag til ferðamála hækkar um 5 milljónir kr. í samræmi við fyrri ákvarðanir.

Atvinnumál	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	4	5	7
Samtals tekjur	4	5	7
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	43	12	23
Annar rekstrarkostnaður	34	29	10
Samtals gjöld	77	41	33
Rekstrarniðurstaða	(73)	(36)	(26)

### 3.15 Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegur kostnaður er áætlaður 1.022 millj.kr. á árinu 2013 og hækkar um 36 millj.kr. á milli ára. Megin hluti kostnaðarins er rekstur skrifstofu sveitarfélagsins og lífeyrisskuldbinding. Launakostnaður lækkar á milli ára en annar kostnaður hækkar og munar þar mestu um innheimtukostnað vegna staðgreiðslu.

Stjórnsýsla	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	63	63	64
Samtals tekjur	63	63	64
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	672	724	839
Annar rekstrarkostnaður	413	324	341
Samtals gjöld	1.085	1.048	1.180
Rekstrarniðurstaða	(1.022)	( 986 )	(1.116)

Stjórnsýsla	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Bæjarskrifstofa	21,4	22
Fjárreiðudeild	4,7	5
Tölvudeild	5,0	5
Þjónustuver	4,4	5

### 3.16 Eignasjóður

Fjárheimildir til viðhalds fasteigna -og gatnamannvirkja hækka á árinu 2013. Til viðhalds grunnskóla er reiknað með 66.millj.kr., leikskóla 42 millj.kr., íþróttamannvirkja 60 millj.kr. og annars húsnæðis 32 millj.kr. Til viðhalds gatna er varið 90 millj.kr.

Eignasjóður	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	2.797	2.391	2.397
Samtals tekjur	2.797	2.391	2.397
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	304	301	291
Annar rekstrarkostnaður	978	706	687
Afskriftir	568	590	582
Fjármagnsliðir	948	1.210	2.360
Samtals gjöld	2.798	2.807	3.920
Rekstrarniðurstaða	1	( 416)	(1.524)

Eignarsjóður	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Framkvæmdamál	17,5	18
Þjónustumiðstöð	16	16

### 3.17 GN eignir

GN eignir ehf. er félag um eignir sem keyptar voru af þrotabúi Nýsis á árinu 2009. Í áætlun 2013 er gert ráð fyrir að innri leiga hækki til að standa undir afborgunum og vöxtum ársins.

GN eignir	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	372	340	301
Samtals tekjur	372	340	301
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	40	42	39
Afskriftir	38	38	38
Fjármagnsliðir	326	323	380
Samtals gjöld	404	404	457
Rekstrarniðurstaða	(32)	(63)	(156)

### 3.18 Vatnsveita

Tekjur hækka um 18 millj.kr. og gjöld um 24 millj.kr. Fjármagnskostnaður lækkar verulega á milli ára vegna niðurgreiðslu skulda.

Vatnsveita	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	384	366	309
Samtals tekjur	384	366	309
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	45	34	34
Annar rekstrarkostnaður	91	78	64
Afskriftir	55	46	45
Fjármagnsliðir	47	86	73
Samtals gjöld	238	245	216
Rekstrarniðurstaða	145	121	93

Vatnsveita	Stöðugildi	Starfsmenn
Vatnsveita	4	4

### 3.19 Fráveita

Gert er ráð fyrir hækkun holræsisgjalda þar sem þau hafa ekki staðið undir rekstrar- og fjármagnskostnaði undanfarinna ára. Tekjur hækka um 106 millj.kr. og annar rekstrarkostnaður hækkar um 17 millj.kr. m.a. vegna viðhalds á fráveitukerfinu.

Fráveita	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	662	556	443
Samtals tekjur	662	556	443
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	31	29	15
Annar rekstrarkostnaður	131	114	99
Afskriftir	94	96	95
Fjármagnsliðir	247	276	421
Samtals gjöld	503	515	649
Rekstrarniðurstaða	159	40	(187)

Fráveita	Stöðugildi	Starfsmenn
Fráveita	4	4

### 3.20 Húsnæðisskrifstofa

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri.

Húsnæðisskrifstofa	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	256	226	226
Samtals tekjur	256	226	226
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	123	127	119
Afskriftir	43	41	44
Fjármagnsliðir	146	130	160
Samtals gjöld	313	299	325
Rekstrarniðurstaða	(57)	(73)	(97)

### 3.21 Hafnarfjarðarhöfn

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstri og undanfarin ár.

Hafnarfjarðarhöfn	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Tekjur:			
Þjónustugjöld	379	377	412
Samtals tekjur	379	377	412
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	135	126	140
Annar rekstrarkostnaður	88	97	109
Afskriftir	60	60	64
Fjármagnsliðir	39	69	101
Samtals gjöld	322	351	414
Rekstrarniðurstaða	57	25	2

Hafnarfjarðarhöfn	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
	13	13